

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna

Reykjavík, 8. apríl 2026

SFS26040030

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna um stafræn skóla- og frístundadagatöl

Lagt er til að fela skóla- og frístundasviði, í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið, að innleiða stafræn skóla- og frístundadagatöl fyrir leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar Reykjavíkur. Með lausninni verða helstu viðburðir ársins birtir í stafrænu dagatali sem notendur; foreldrar, nemendur og starfsfólk geta gerst áskrifendur að og tengt við sín persónulegu dagatöl. Byrjað verði á grunnskólum og verði svo innleitt í leikskólum og frístundastarfi í framhaldi.

Greinargerð

Flestir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar Reykjavíkur birta skóla- og frístundadagatal ársins á vefsvæði sínu, oft sem PDF skjöl í foreldrahandbókum eða starfsáætlunum. Nokkrir skólar bjóða þó upp á stafræna útgáfu skóladagatala þar sem að foreldrar geta tengt dagatalið beint við eigin dagatöl, t.d. í iCal, Outlook eða Google Calendar. Þannig þurfa forráðamenn ekki að færa upplýsingar handvirkt yfir í sín persónulegu dagatöl. Þessi þjónusta er hinsvegar ekki samræmd í Reykjavík og er ekki í boði í öllum skólum eða frístundastarfi borgarinnar. Enn þurfa því margir foreldrar að fylgjast með tölvupóstum, PDF-dagatölum eða prentuðum upplýsingum frá skólum og frístundastarfi.

Tillagan miðar að því að innleiða eina heildstæða lausn fyrir alla leik- og grunnskóla, auk frístundaheimila og félagsmiðstöðva innan Reykjavíkur. Markmiðið er að allir nemendur, starfsmenn og forráðamenn njóti sömu þjónustu, óháð því hvaða skóla eða frístundastarf barnið sækir. Gera má ráð fyrir að stafræn skóla- og frístundadagatöl muni stuðla að betra skipulagi og yfirsýn hjá fjölskyldum, draga úr líkum á misskilningi og minnki hættu á að mikilvægar dagsetningar gleymist.

Tillagan samræmist markmiðum samstarfsflokka um bættu þjónustu við fjölskyldur og stafræna umbreytingu borgarinnar. Jafnframt styður hún menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, sem leggur áherslu á aukna notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Með innleiðingu stafræns skóla- og frístundadagatals fækkar handvirkum ferlum, aðgengi að upplýsingum eykst og stafræn hæfni foreldra, nemenda og starfsfólks er eflað. Verkefnið fellur einnig vel að samstarfsyfirlýsingu samstarfsflokka um skilvirkari upplýsingamál og bættu upplýsingagjöf í takt við stefnu borgarinnar.